

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2356

2019/EES/31/41

frá 15. desember 2017

um viðurkenningu á skýrslu Ástralíu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB (1), einkum 4. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 22. ágúst 2016 lagði Ástralía fram skýrslu með niðurstöðum um útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjuólúfræs í Ástralíu. Þau tölfræðilegu svæði í Ástralíu sem komast næst lýsingunni á svæði á 2. stigi NUTS eru ríki. Áætlanir um losun gróðurhúsalofttegunda voru því gerðar á grundvelli áströlsku ríkjanna.
- 2) Eftir yfirferð skýrslunnar sem Ástralía lagði fram telur framkvæmdastjórnin að hún uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í tilskipun 2009/28/EB um að heimila þriðja landi að nota dæmigerð gildi fyrir minni landfræðileg svæði (áströlsk ríki) en þau sem eru notuð við útreikningana á staðalgildunum: gögnin í skýrslunni vísa til losunar frá ræktun landbúnaðarhráefna (repjuólúfræs); búast má við að dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjuólúfræs geti verið minni eða jafnmikil og losunin sem gert var ráð fyrir við útreikningana á viðkomandi staðalgildum; og þessi dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdastjórnin telur að skýrslan sem Ástralía lagði fram til viðurkenningar 22. ágúst 2016 innihaldi nákvæm gögn til mælinga á losun gróðurhúsalofttegunda, sem tengjast ræktun repjuólúfræs sem er framleitt í áströlsku ríkjunum, sem jafngilda 2. stigi flokkunar hagskýrslusvæða (NUTS 2) að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB. Samantekt gagnanna í skýrslunni er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Þessi ákvörðun gildir í 5 ár. Ef gerðar eru breytingar á efni skýrslunnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 22. ágúst 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á skilyrðin fyrir viðurkenningunni sem tekin eru fram í 1. gr. skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort gögnin sem koma fram í skýrslunni eru enn nákvæm.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur fellt þessa ákvörðun úr gildi ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að skýrslan innihaldi ekki lengur nákvæm gögn að því er snertir mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem tengjast ræktun repjuólúfræs sem er framleitt í Ástralíu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 10. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 55. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 10. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum ræktunar á repjuólú í ríkjum Ástralíu (tonn af koltvísýringsjafngildi/tonni af repjuólúfræi miðað við þurrt efni)

Ríki	N ₂ O jarðvegur		Uppskeruleifar	Framleiðsla		Eldsneytisnotkun	Kalk	Fræ	Samtals
	Bein	Óbein		Áburður	Plágueyðir				
<i>Nýja Suður-Wales (þurrkasvæði)</i>	0,046	0,005	0,115	0,195	0,023	0,079	0,035	0,001	0,500
<i>Nýja Suður-Wales (áveituvæði)</i>	0,276	0,123	0,115	0,275	0,006	0,096	0,053	0,001	0,944
Nýja Suður-Wales	0,051	0,008	0,115	0,197	0,023	0,079	0,036	0,001	0,509
<i>Viktoría (þurrkasvæði)</i>	0,026	0,005	0,113	0,192	0,020	0,078	0,035	0,001	0,470
<i>Viktoría (áveituvæði)</i>	0,271	0,121	0,113	0,268	0,005	0,091	0,052	0,001	0,922
Viktoría	0,030	0,007	0,113	0,193	0,019	0,078	0,035	0,001	0,476
Queensland	0,076	0,008	0,118	0,188	0,006	0,351	0,034	0,003	0,784
Suður-Ástralía	0,013	0,002	0,113	0,184	0,013	0,080	0,034	0,001	0,439
Vestur-Ástralía	0,013	0,002	0,112	0,237	0,032	0,079	0,034	0,002	0,511
Tasmanía	0,270	0,121	0,107	0,265	0,012	0,138	0,052	0,002	0,967

Losun gróðurhúsalofttegunda af völdum ræktunar á repjuólú í ríkjum Ástralíu (grömm af koltvísýringsjafngildi/(MJ FAME))

Ríki	N ₂ O jarðvegur		Uppskeruleifar	Framleiðsla		Eldsneytisnotkun	Kalk	Fræ	Samtals
	Bein	Óbein		Áburður	Plágueyðir				
<i>Nýja Suður-Wales (þurrkasvæði)</i>	1,766	0,192	4,414	7,485	0,883	3,032	1,343	0,038	19
<i>Nýja Suður-Wales (áveituvæði)</i>	10,594	4,721	4,414	10,555	0,23	3,685	2,034	0,038	36
Nýja Suður-Wales	1,958	0,307	4,414	7,561	0,883	3,032	1,382	0,038	20
<i>Viktoría (þurrkasvæði)</i>	0,998	0,192	4,337	7,37	0,768	2,994	1,343	0,038	18
<i>Viktoría (áveituvæði)</i>	10,402	4,644	4,337	10,287	0,192	3,493	1,996	0,038	35
Viktoría	1,151	0,269	4,337	7,408	0,729	2,994	1,343	0,038	18
Queensland	2,917	0,307	4,529	7,216	0,230	13,472	1,305	0,115	30
Suður-Ástralía	0,499	0,077	4,337	7,062	0,499	3,071	1,305	0,038	17
Vestur-Ástralía	0,499	0,077	4,299	9,097	1,228	3,032	1,305	0,077	20
Tasmanía	10,363	4,644	4,107	10,171	0,461	5,297	1,996	0,077	37